

## Aðalfundur Haga hf. 21. maí 2026

Aðalfundur Haga hf., kt. 670203-2120, verður haldinn fimmtudaginn 21. maí 2026 og hefst hann kl. 15:00 á Hilton Reykjavík Nordica (Vox Club), Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík.

### Dagskrá fundarins:

- 1) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina á liðnu starfsári
- 2) Ársreikningur og samstæðureikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagður fram til samþykktar
- 3) Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2025/26
- 4) Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda
- 5) Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu og skýrsla starfskjaranefndar
- 6) Kosning þriggja fulltrúa í tilnefningarnefnd
- 7) Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda
- 8) Kosning um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd
- 9) Ákvörðun um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum
- 10) Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin

## Tillögur stjórnar Haga hf.:

### 1) Ársreikningur (dagskrárliður 2)

Stjórn Haga hf. leggur til við aðalfund að ársreikningur og samstæðureikningur félagsins fyrir starfsárið 2025/26, ásamt skýrslu endurskoðanda, verði samþykktur.

### 2) Ráðstöfun hagnaðar (dagskrárliður 3)

Stjórn Haga hf. leggur til við aðalfund að greiddur verði arður til hluthafa vegna reikningsársins 2025/26 sem nemi 50,0% hagnaðar ársins eftir skatta, án áhrifa matsbreytinga og hlutdeildarféлага, eða samtals 3.300 milljónir króna, eins og fram kemur í ársreikningi félagsins. Arðgreiðslan nemur 3,03 kr. á hlut útistandandi hlutafjár.

Samþykki aðalfundur tillöguna skal arðsréttindadagur vera 26. maí 2026, þ.e. réttur hluthafa til arðgreiðslu verður miðaður við hlutaskrá félagsins í lok þess viðskiptadags. Arðleysisdagur, þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf félagsins án réttar til arðs vegna reikningsársins 2025/26 verður því 22. maí 2026, eða næsti viðskiptadagur eftir aðalfund. Útborgunardagur arðs verður 2. júní 2026.

### 3) Þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda (dagskrárliður 4)

Stjórn Haga hf. leggur til við aðalfund að stjórnarlaun komandi starfsárs hækki um 3,5%, til samræmis við hækkun á almennum vinnumarkaði, og verði sem hér segir:

- Stjórnarformaður: kr. 855.000,- á mánuði
- Varaformaður: kr. 629.000,- á mánuði
- Stjórnarmenn: kr. 427.500,- á mánuði

Stjórn gerir tillögu um að laun fyrir setu í undirnefndum stjórnar hækki einnig um 3,5%:

- Laun í endurskoðunarnefnd: kr. 114.000,- á mánuði (formaður tvöföld upphæð)
- Laun í starfskjaranefnd: kr. 98.500,- á mánuði (formaður tvöföld upphæð)

Þá gerir stjórn tillögu um að nefndarmönnum í tilnefningarnefnd verði greitt skv. reikningi 28 þús. kr. pr./klst. eða sem nemur 3,5% hækkun frá undangengnu starfsári, í samræmi við hækkun á almennum vinnumarkaði.

### 4) Starfskjarastefna og skýrsla starfskjaranefndar (dagskrárliður 5)

Stjórn Haga hf. leggur til við aðalfund félagsins að meðfylgjandi starfskjarastefna verði samþykkt en hún er óbreytt frá fyrra ári. Skýrsla starfskjaranefndar um framkvæmd starfskjarastefnu fyrir liðið starfsár, sem kynnt verður á aðalfundi, er hér einnig meðfylgjandi.

## 5) Kosning þriggja fulltrúa í tilnefningarnefnd (dagskrárliður 6)

Stjórn Haga hf. leggur til við aðalfund að þrjú eftirtaldir fulltrúar verðir kjörnir í tilnefningarnefnd félagsins en þau skipa öll tilnefningarnefnd félagsins í dag. Meirihluti þeirra er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess.

- Björn Ágúst Björnsson, verkfræðingur
- Kristjana Milla Snorradóttir, mannauðsstjóri
- Tryggvi Þór Haraldsson, fyrrv. forstjóri

Skv. starfsreglum tilnefningarnefndar geta hluthafar komið með tillögu að einstaklingum sem kjósa skal í tilnefningarnefnd og skal slík skrifleg tillaga berast stjórn Haga hf. eigi síðar en tíu dögum fyrir aðalfund.

## 6) Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda (dagskrárliður 7)

Framboð til setu í stjórn Haga hf. skal berast skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Upplýsingar um frambjóðendur verða birtar að þeim fresti loknum.

Tillögur tilnefningarnefndar um frambjóðendur til stjórnar, ásamt skýrslu tilnefningarnefndar, eru hér meðfylgjandi.

Stjórn Haga hf. leggur til við aðalfund félagsins að PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, verði kosinn endurskoðandi félagsins fyrir komandi rekstrarár. Endurskoðanda félagsins verður greitt í samræmi við útgafna og samþykka reikninga.

## 7) Kosning um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd (dagskrárliður 8)

Stjórn Haga hf. leggur til að Hannes Ágúst Jóhannesson, löggiltur endurskoðandi, verði kosinn sem utanaðkomandi nefndarmaður í endurskoðunarnefnd Haga en hann hefur setið í endurskoðunarnefnd félagsins frá árinu 2023 og sinnt hlutverki formanns nefndarinnar.

## 8) Ákvörðun um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum (dagskrárliður 9)

Stjórn Haga hf. leggur til við aðalfund félagsins, með vísan til 55. gr. laga um hlutafélög, að félaginu verði heimilt að kaupa á næstu 18 mánuðum allt að 10% af heildarhlutafé félagsins. Er þessarar heimildar óskað annars vegar í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun, þ.m.t. með öfugu tilboðsfyrirkomulagi, í samræmi við ákvæði 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596/2014, sem og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2016/1052, samanber lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021. Hins vegar er heimildar óskað til að setja upp viðskiptavakt eða til að uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum í samræmi við kaupréttaráætlanir félagsins. Skal gengi hluta ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra.

Samþykki aðalfundur tillöguna verður slíkrar heimildar getið í sérstökum viðauka við 7. gr. í samþykktum félagsins og verður hún svohljóðandi:

*Aðalfundur Haga hf. þann 21. maí 2026 veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun, þ.m.t. með öfugu tilboðsfyrirkomulagi, í samræmi við ákvæði 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596/2014, sem og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2016/1052, samanber lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021. Einnig í þeim tilgangi að setja upp viðskiptavakt eða til að uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum í samræmi við kaupréttaráætlanir félagsins. Skal gengi hluta ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar og takmarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma.*

---

Hluthafar sem ekki sjá sér fært að mæta til fundar og heimila ekki öðrum aðila til að mæta á fund í sínu umboði geta tekið þátt í atkvæðagreiðslu á fundinum bréflaga. Meðfylgjandi má finna nánari leiðbeiningar og atkvæðaseðil.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar fimmtudaginn 7. maí 2026. Hluthöfum er þó bent á að óski þeir eftir að fá mál sett á dagskrá eða leggja fram ályktunartillögur á fundinum þarf að beina því skriflega og í endanlegu formi til félagsstjórnar eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, þ.e. eigi síðar en mánudaginn 11. maí 2026, kl. 15:00, á netfangið [adalfundur@hagar.is](mailto:adalfundur@hagar.is), eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 86. gr. hlutafélagalaga, nr. 2/1995. Kann endurskoðuð dagskrá að birtast þann dag.

Hluthöfum er bent á að hægt er að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega, skemmst 5 sólarhringum fyrir aðalfund, þ.e. eigi síðar en kl. 15:00 laugardaginn 16. maí 2026. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða tilkynntar eigi síðar en 2 dögum fyrir fund.

Þá vill stjórn minna á að samkvæmt starfsreglum tilnefningarnefndar geta hluthafar komið með tillögu að einstaklingum sem kjósa skal í tilnefningarnefnd og skal slík skrifleg tillaga berast stjórn Haga hf. eigi síðar en tíu dögum fyrir aðalfund, þ.e. eigi síðar en mánudaginn 11. maí 2026, kl. 15:00.

Stjórn félagsins vill árétta að forsvarsmenn hluthafa sem sækja fundinn, þ.e. forsvarsmenn fyrirtækja, lífeyrissjóða, fjárfestingasjóða, einstaklinga eða annarra hluthafa, ber að skila umboði við skráningu inn á fundinn. Einnig verða einstaklingar beðnir um að framvísa persónuskilríkjum.

Stjórn Haga hf.